Brunamálastofnun

Skúlagata 21
IS 101 Reykjavík
Iceland

Sími Tel +354 591 6000
Fax +354 591 6001

brunamal@brunamal.is
www.brunamal.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 04. desember 2007
Tilvísun 2007120007/BK/--

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/755
komudagur 4.12.2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál

Brunamálastofnun gerir að svo stöddu ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst

Björn Karlsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1029
komudagur 11.1. 2008

Allsherjarnefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Skuggasundi 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
netfang: postur@dkm.stjr.is
www.domsmalaraduneyti.is

Reykjavík 8. janúar 2008
Tilv.: DKM07030018/10.1

Á fundi allsherjarnefndar þann 22. nóvember sl. þar sem fjallað var um frumvarp til laga um neyðarsvörun óskaði nefndarmaður eftir upplýsingum um hvernig eignarhaldi á Neyðarlínunni hf. væri háttað og jafnframt að fá í hendur þá tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins sem kveður á um samræmt neyðarnúmer á Evrópska efnahagssvæðinu.

Meðfylgjandi sendist allsherjarnefnd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu þar sem í 26. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um samevrópskt neyðarnúmer.

Eignarhald á hlutafé í Neyðarlínunni hf. skiptast þannig, að Ríkissjóður á 73,6%, Reykjavíkurborg 10,5%, Landsvirkjun 7,9% og Orkuveita Reykjavíkur 7,9%.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

Bryndís Helgadóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2634
8.5.2008

Þeir sem teljast til helstu viðbragðsaðila neyðarsvörunar í dag eru eftirfarandi: lögreglan, slökkvilið, sjúkrafluttningar, Landheigisgæslan, Flugmálastjórn (Flugstoðir), Slysavarnarfélagið Landsbjörg, Rauði-Kross Íslands, heilbrigðisstéttir /neyðarlæknar-greiningarsveitir, Sóttvarnarlæknir, Landlæknir, Geislavarnir ríkisins Umhverfisstofnun Vegagerðin og Veðurstofan.

Réttara þykir að kveða á í reglugerð heldur en í lögunum sjálfum á um það hverjir teljist vera viðbragðsaðilar neyðarsvörunar á hverjum tíma þar sem slíkt getur verið breytilegt og er þá óþarflega þungt í vöfum að gera breytingar á lögum ef gera á breytingar á því hverjir teljist til viðbragðsaðila.

Í gildandi reglugerð um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar nr. 570/1996 er kveðið á um að eftirtaldir aðilar skuli gefa vaktstöð ailar upplýsingar sem stuðlað geta að bestum árangri í hjálparstarfi hverju sinni: Lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningalið, héraðslæknar, Landsbjörg og Slysavarnarfélag Íslands.

Er reglugerðin sett með stoð í 5. gr. gildandi laga um neyðarsímsvörun en eins og fram kemur í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins er greinin efnislega í samræmi við gildandi 5. gr.

Vona að þetta varpi ljósi á málið.

Kveðja Bryndís

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/533
komudagur 29.11.2007

ÍSAFJARÐARBÆR

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Ísafirði, 27. nóvember 2007
2007110061

Efni: Frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál, heildarlög.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 26. nóvember s.l., var lagt fram bréf frá allsherjarnefnd Alþingis dagsett 15. nóvember s.l., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál, heildarlög. Svarfrestur er til 29. nóvember 2007.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemdir við frumvarpið, að öðru leiti en því, að í 3. grein sé eðlilegt að gera ráð fyrir, að vaktstöðvar væru víðar en á Akureyri og Reykjavík, svo sem í Ísafjarðarbæ og á mið Austurlandi.

Virðingarfyllst

Þorleifur Pálsson
- bæjarritari -

STJÓRNSÝSLUHÚSIÐ
HAFNARSTRÆTI 1, PÓSTHÓLF 56, 400 ÍSAFJÖRÐUR
KENNITALA: 540596-2639
SÍMI: 450 8000, FAX: 450 8008
BANKI 156-26-60

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/624
komudagur 3.12.2007

KÓPAVOGSBÆR
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími: 570 1500
Fax: 570 1501
www.kopavogur.is

Alþingi
Allsherjarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Kópavogi, 26. nóvember 2007
0711323/001.01 BH

Efni: Frumvarp um samræmda neyðarsvörun

Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 22. nóvember sl. var tekið fyrir erindi yðar og var eftirfarandi bókað:

> Frá Alþingi, dags. 15/11, óskað umsagnar um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun.
> **Bæjarráð vísar til þess að unnið er að umsögn í almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins.**

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Páll Magnússon
bæjarritari

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
ICELANDIC COAST GUARD

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/535
komudagur 29.11.2007

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LHG/135/9,6/ DS/sig
Reykjavík 28. nóvember 2007

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál, heildarlög.

Landhelgisgæslan gerir engar athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

Dagmar Sigurðardóttir
lögfræðingur.

Skógarhlíð 14
105 Reykjavík
ICELAND

lhg@lhg.is
www.lhg.is

354-5452000

354-5452001

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ DIRECTORATE OF HEALTH

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/898
komudagur 10.12.2007

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Selmu Hafliðadóttur nefndarritara
Austurstræti 8-1ö
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 6. desember 2007
2007110179/91/SG/gh

Efni: Frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun

Með þssu frumvarpi er verið að fella lög um samræmda neyðarsvörun að breytingum sem orðið hafa á undanförnum árum, m.a. með tilkomu Samhæfingarstöðvar leitar og björgunar árið 2003, með mikilli samvinnu helstu stofnana er sinna bráðaviðbrögðum. Vonast er því til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson
landlæknir

Aðsetur/Address
Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes Iceland

Sími/Telephone
(+354) 510 1900

Myndsími/Telefax
(+354) 510 1919

Netfang/E-mail
postur@landlaeknir.is

Veffang/Website
http://www.landlaeknir.is

Kennitala/Id. No.
710169-5009

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/622
komudagur 3.12.2007

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29.11.2007
Tilv. 40.13
JP/gg

Umsögn Landspítala (LSH) um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun 191. mál

Vísað er til bréfs Alþingis um umsögn LSH um ofangreint mál.

Frumvarpið hefur verið yfirfarið og skoðað af sérfræðingum LSH á sviði bráðaþjónustu og almannavarna. Mæla þeir með framgangi málsins.

Rétt er að koma með eina ábendingu varðandi 9. gr. frumvarpsins um reglugerðarheimild, að við setningu slíkrar reglugerðar verði á einn eða annan hátt tryggt að sérþekking í bráðalækningum liggi að baki neyðarsvörun vegna slysa- og bráðaveikinda.

Landspítali mælir með samþykkt frumvarps til laga um neyðarsvörun 191. mál, heildarlög.

Virðingarfyllst

Magnús Pétursson, forstjóri

SKRIFSTOFA YFIRSTJÓRNAR · Eiríksgötu 5 · 101 Reykjavík
Sími 543 1100 · Fax 543 1112 · www.landspitali.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/491
komudagur 28.11.2007

Nefndasvið Alþingis
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 27. nóvember 2007.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun. 135. löggjafarþing 2007 – 2008. Þskj. 205 - 191. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 15. nóvember s.l., þar sem óskað er umsagnar um ofangreint lagafrumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar en telur ekki það ekki gefa tilefni til umsagnar.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/621
komudagur 3.12.2007

112
EINN EINN TVEIR

Alþingi
150 Reykjavík

Alsherjarnefnd
Selma Hafliðadóttir
Nefndarritari

Reykjavík 28 nóvember 2007

Varðar frumvarp um samræmda neyðarsímsvörun

Stjórn og framkvæmdarstjórn Neyðarlínunnar fagna nýju frumvarpi sem er til mikilla bóta en gildandi frumvarp er ekki í samræmi við núverandi fyrirkomulag.

Neyðarlínan gerir tvær athugasemdir báðar við 8 grein frumvarpsins. Fyrri athugasemdin lýtur að fyrstu málsgrein en þar segir "skal vera í höndum hlutafélags" Þarna mætti vera "getur verið í höndum hlutafélags"

Neyðarlínan er núna alfarið i eigu opinberra aðila og hlutur ríkisins 73%.

Seinni athugasemdin varðar lokamálsgrein 8. gr. lagana en þar er gert ráð fyrir að hluti skuldbindinga ríkisins sé greiddur úr alþjónustusjóði. Þessu ætti að breyta, annaðhvort með því að setja fast þjónustugjald á hvert símnúmer eða að greiðsla komi alfarið frá ríkissjóði.

Framkvæmdastjóri/aðstoðarframkvæmdastjóri eru reiðibúin að svara spurningum nefndarinnar ef þess er óskað. .

Virðingarfyllst

Þórhallur Ólafsson
Framkvæmdastjóri
Neyðarlínunnnar

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/395
komudagur 26.11.2006

vodafone

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál heildarlög

Vísað er til bréfs, dags. 15. nóvember sl., þar sem alsherjarnefnd Alþingis óskar eftir umsögn um hjálagt frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál, heildarlög.

Og fjarskipti ehf. (Vodafone) hafa farið yfir framangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er vísað til einkaaðila sem leyfi hafa til reksturs fjarskipta. Nauðsynlegt er að breyta þessu orðalagi þar sem fjarskiptafyrirtækjum er ekki lengur úthlutað leyfi til reksturs fjarskipta. Fyrirkomulaginu var breytt með núgildandi lögum um fjarskipti nr. 81/2003. Samkvæmt 4. gr. laganna þá hafa fjarskiptafyrirtæki almenna heimild til reksturs fjarskipta og þurfa einungis að tilkynna þau áform sín til Póst- og fjarskiptastofnunar.
2. Í 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins er fjallað um greiðslu á kostnaði við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar og þar segir að kostnaður eigi m.a. að greiðast úr ríkissjóði, m.a. með hluta af jöfnunargjaldi sem innheimt er á grundvelli fjarskiptalaga. Og fjarskipti ehf. telja nauðsynlegt að gera athugasemdir við þá fyrirætlan að greiða umræddan kostnað m.a. með jöfnunargjaldi. Um jöfnunargjald er fjallað í 22. gr. fjarskiptalaga en því er ætlað að standa straum af greiðslu fjárframlaga vegna alþjónustu. Jöfnunargjald er innheimt árlega af öllum fjarskiptafyrirtækjum sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu og nemur nú 0,12% af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækja af þessari starfsemi. Í 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga er talið upp hvað telst til alþjónustu. Þar kemur hvergi fram að neyðarsvörun eða neyðarsímsvörun sé hluti af alþjónustu. Það sama er að segja um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda í sambandi við fjarskiptanet og þjónustu (Alþjónustutilskipun) sem innleidd er með VI. kafla fjarskiptalaga um alþjónustu og sérstæka fjarskiptaþjónustu. Það er einungis í reglugerð um alþjónustu nr. 641/2000 sem minnst er á að undir alþjónustu falli aðgangur að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala. Á grundvelli þess hefur Neyðarlínan hf. fengið árlegt framlag úr jöfnunarsjóði frá árinu 2000. Það er hins vegar ljóst skv. framangreindu að það er hvorki lagastoð fyrir því að neyðarsvörun falli undir alþjónustu né skylda til þess

Vodafone
Skútuvogi 2, 104 Reykjavík
Sími 5 999 000, fax 5 999 001
Þjónustuver sími 1414
www.vodafone.is

skv. alþjónustutilskipun. Telja verður að ekki sé fullnægjandi að um heimild til slíkra fjárframlaga sem eru íþyngjandi fyrir fjarskiptafyrirtæki sé einungis fjallað um í reglugerð. Að auki er það mat Og fjarskipti ehf. að neyðarsvörun sé hluti af almannaþjónustu sem einungis ríkissjóður eigi að standa undir en ekki fjarskiptafyrirtæki. Það er hvorki sanngjarnt né eðlilegt að fjarskiptafyrirtæki sem eru í samkeppnisrekstri séu látin bera kostnað af því að veita slíka almannaþjónustu frekar en fyrirtæki í öðrum iðnaði. Með hliðsjón af framangreindu mótmæla Og fjarskipti ehf. því að hluti af rekstri neyðarsvörunar hjá Neyðarlínunni hf. sé greiddur úr jöfnunarsjóði og fara fram á það að frumvarpinu verði breytt til samræmis við það.

Virðingarfyllst,

Jóhanna H. Halldórsd.

f.h. Og fjarskipta ehf.
Jóhanna Helga Halldórsdóttir, hdl.

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/607
komudagur 30.11.2007

ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Alþingi - Allsherjarnefnd
b/t Selma Hafliðadóttir
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, *27. nóvember 2007*
Tilvísun: 2007110014
Bréfalykill: 50.13

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun

Orkustofnun hefur borist erindi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2007, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál, heildarlög.

Orkustofnun gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst

Kristinn Einarsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/626
komudagur 3.12.2007

Alþingi
Allsherjarnefnd
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 28. nóvember 2007
Tilvísun: 2007110833 ÞS/--

Efni: Umsögn Persónuverndar um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun


Persónuvernd vísar til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2007, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun. Þau ákvæði frumvarpsins, sem einkum varða vinnslu persónuupplýsinga, eru annars vegar 4.–7. gr. um fyrirkomulag neyðarsvörunar, skráningu upplýsinga um tilkynningar til neyðarsvörunar, afritun samskipta, varðveislu upplýsinga og þagnarskyldu starfsfólks neyðarsvörunar. Hins vegar er það 9. gr. um heimild dómsmálaráðherra til setningar reglugerðar um nánari framkvæmd laganna, en ætla má að þar kynnu m.a. að vera ákvæði um meðferð persónuupplýsinga sem safnast upp við neyðarsvörun. Þá er ljóst að slík ákvæði yrðu í reglum settum af dómsmálaráðherra samkvæmt 2. málsl. 6. gr. frumvarpins, en þar segir að hann setji nánari reglur um varðveislu upplýsinga um tilkynningar, aðgengi að þeim og notkun.

Persónuvernd telur það til bóta að ólíkt því sem er í gildandi lögum, þ.e. lögum nr. 25/1995 um samræmda neyðarsímsvörun, er í frumvarpinu sérstaklega tiltekið hversu lengi skuli varðveita tilkynningar sem berast neyðarsímsvörun, en það merkir að tekin er afstaða til þess hver sé málefnalegur varðveislutími. Samkvæmt 1. málsl. 6. gr. frumvarpsins skal þannig varðveita slíkar tilkynningar í a.m.k. sex mánuði. Í 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 570/1996 um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar, sbr. 5., 6. og 8. gr. laga nr. 25/1995, er mælt fyrir um varðveislu hljóðritana í a.m.k. tvo mánuði og er því ljóst að frumvarpið gerir ráð fyrir lengri varðveislutíma en nú tíðkast. Í ljósi tilgangs umræddrar vinnslu telur Persónuvernd hins vegar ekki efni til að gera athugasemdir við að varðveislutíminn sé lengdur nokkuð umfram það sem nú er, enda má ætla að nokkurra mánaða varðveisla, eins og sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir, geti telist hóflegt.

Þess ber þó að geta að Persónuvernd telur almennt æskilegt að í lögum sé afmarkaður hámarksvarðveislutími upplýsinga fremur en lágmarksvarðveislutími eins og gert er í frumvarpinu. Í ljósi tilgangs umræddrar vinnslu kann hins vegar að vera nauðsynlegt að veita stjórnvöldum svigrúm til að mæla fyrir um lengri varðveislutíma en sex mánuði í ákveðnum tilvikum eins unnt yrði að gera samkvæmt 2. málsl. 6. gr. frumvarpsins.

Persónuvernd gerir því ekki efnislegar athugasemdir við ákvæði 6. gr. Að öðru leyti sér stofnunin heldur ekki tilefni til athugasemda.

Virðingarfyllst
f.h. forstjóra Persónuverndar



Þórður Sveinsson
lögfræðingur

Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími 510 1500
Fax 510 1509
pta@pta.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/492
komudagur 28.11.2007

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Alþingi
B.t. Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2007110066 211

26. nóvember 2007

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál (Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.).

Vísað er til bréfs yðar, dags. 15. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar á frumvarpi til laga um samræmda neyðarsvörun. Eftir að hafa skoðað efni frumvarps þessa telur stofnunin vera tilefni til að vekja athygli nefndarinnar á tveimur atriðum.

Í fyrsta lagi hvað varðar skráningu upplýsinga skv. 5. gr. frumvarpsins álítur stofnunin rétt að árétta að skylda fjarskiptafyrirtækja til þess að miðla staðsetningarupplýsingum til félaga og stofnana sem annast neyðarþjónustu skal aðeins ná því marki að það sé tæknilega gerlegt og hindrar ekki tilkomu nýrrar tækni, sbr. umfjöllun um 7. gr. í frumvarpi til laga nr. 39/2007, um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003.

Í öðru lagi þykir stofnuninni rétt að koma með tillögu um ákveðnar viðbætur við 5. gr., þar sem m.a. er kveðið á um refsingu við því að senda vísvitandi ranga tilkynningu til samræmdrar neyðarsvörunar eða misnota að öðru leyti þjónustu hennar við boðun viðbragðsaðila. Leggur stofnunin til að bætt verði við ákvæði þar sem fjallað er um viðbrögð við síhringjendum, sbr. verklagsreglur lögreglu og Neyðarlínunnar um síhringjendur, sjá meðfylgjandi bréf. Að mati stofnunarinnar skortir skýrari lagagrundvöll fyrir umræddum reglum, og þá sérstaklega þeim aðgerðum að loka tímabundið fyrir síma þeirra sem valda ónæði og falla undir skilgreininguna á „síhringjanda“ skv. fyrrnefndum reglum. Álítur stofnunin mikilvægt að skýr lagaheimild sé fyrir slíkum aðgerðum, þar sem m.a. er kveðið á um að gefa verði síhringjanda skriflega aðvörun áður en gripið sé til svo harðra aðgerða eins og að loka tímabundið fyrir síma með það að markmiði að ekki sé unnt að hringja í neyðarnúmerið 112. Til nánari skýringa vísast til meðfylgjandi bréfs Póst- og farskiptastofnunar til Neyðarlínunnar, dags. 15. maí sl.

Virðingarfyllst,

Inga Helga Jónsdóttir

Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími 510 1500
Fax 510 1509
pta@pta.is

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Neyðarlínan hf.
Dagný Halldórsdóttir
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík

2007050020 510

15. maí 2007

Málefni: Umsögn um verklagsreglur lögreglu og Neyðarlínunnar vegna síhringjenda

Póst- og fjarskiptastofnun hafa borist drög að sameiginlegum verklagsreglum lögreglu og Neyðarlínunnar vegna ástæðulausra símhringinga til þessara aðila sem valda þeim truflunum og ónauðsynlegu álagi. Er þess óskað að stofnunin veiti álit sitt á þeim

I.

Umræddar verklagsreglur beinast að s.k. síhringjendum, samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu: „Þeir sem hringja oftar en fimm sinnum á sólarhring með ástæðulausar hringingar svo og aðilar sem eru með yfir eitthundrað hringingar, ástæðulausar, síðustu 12 mánuði. Ástæðulaus innhringing er hér með skilgreind sem innhringing sem ekki á erindi við lögreglu eða Neyðarlínu 112 og hefur þeirri skoðun verið komið skýrt fram við innhringjanda."

Mæla reglurnar fyrir um ákveðið verklag, hjá hvorum aðila fyrir sig, við að koma á framfæri beiðni til viðkomandi fjarskiptafyrirtækis um tímabundna lokun á síma þess einstaklings sem veldur ástæðulausu ónæði og truflunum samkvæmt framangreindu. Getur sú lokun samkvæmt verklagsreglunum varað í 24 tíma virka daga og allt að 67 tíma um helgar.

Varðandi lagagrundvöll fyrir reglurnar er vísað til 9. gr. laga nr. 25/1995 um neyðarsímsvörun, sbr. og 120. og 120. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk skilmála fjarskiptafyrirtækjanna Símans hf. og Og fjarskipta ehf. (Vodafone).

II.

Samkvæmt 49. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er stuttnúmerið 112 frátekið fyrir neyðar- og öryggisþjónustu. Með tilliti til þess hlutverks sem símanúmerið 112 gegnir hefur það af skiljanlegum ástæðum nokkra sérstöðu í fjarskiptalögum, t.a.m. er samkvæmt nefndu ákvæði óheimilt að gjaldfæra símtöl í það. Þá skal vera hægt að hafa samband við neyðarnúmerið 112 í einn mánuð eftir að símanúmeri hefur verið lokað vegna vanskila samkvæmt 39. gr. laganna. Þessar reglur endurspegla vilja löggjafans til þess að tryggja eftir fremsta megni að einstaklingar geti leitað sér aðstoðar í neyðartilvikum.

Þrátt fyrir framangreint er ekkert í fjarskiptalögum sem beinlínis leggur bann við að lokað sé fyrir síma af öðrum ástæðum, s.s. ef rétthafi númers gerist sekur um að valda öðrum ama með endurteknu símagabbi. Í því sambandi virðist þó ljóst að gæta verði meðalhófs og horfa til öryggis þess einstaklings sem hlut á að máli. Með hliðsjón af ákvæði 39. gr. má hugsanlega

leiða þá reglu að ekki sé heimilt að loka fyrir síma fyrirvaralaust heldur verði fyrst að senda rétthafa símanúmers skriflega aðvörun þess efnis. Þá getur orkað tvímælis að lokað sé fyrir símanúmer ef ekki liggur fyrir að það hafi verið rétthafi númersins sem bar ábyrgð á misnotkuninni.

Hvað varðar lagagrundvöll fyrir umræddum verklagsreglum er það álit Póst- og fjarskiptastofnunar að áðurnefnd ákvæði laga nr. 25/1995 um neyðarsímsvörun og almennra hegningarlaga nr. 19/1940 geti ekki verið grundvöllur að því að loka fyrir síma, enda verður sú aðgerð hvorki talin vera *viðurlög* eða *refsing* í lagalegum skilningi. Hins vegar geta skilmálar fjarskiptafyrirtækja um talsímaþjónustu verið grundvöllur að slíkum lokunum, svo fremi sem þeir verða taldir nógu skýrir og fara ekki í bága við fjarskiptalög. Þegar litið er til þeirra skilmála sem vísað er til í verklagsreglunum er það aðeins í skilmálum Símans hf. sem mælt er fyrir um slíkan áskilnað berum orðum. Verður að telja álitaefni hvort sá skilmáli sem vísað er til hjá Og fjarskiptum ehf. fullnægi kröfum um skýrleika hvað þetta varðar.

III.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur fullan skilning á því að ástæðulausar og endurteknar hringingar í neyðarnúmerið sé vandamál sem bregðast verði við með einhverjum hætti. Að öllu framangreindu virtu er það á hinn bóginn álit stofnunarinnar að fari beri að varlega í sakirnar ef grípa á til tímabundinnar lokunar á síma með það að markmiði að ekki sé unnt að hringja í neyðarnúmerið 112. Með öðrum orðum telur stofnunin annars vegar rétt að gefa viðkomandi einstaklingi skriflega aðvörun um lokun ef endurtekning verður á slíku athæfi og hins vegar að skilmálar fjarskiptafyrirtækjanna kveði á um skýra heimild til að verða við slíkum óskum frá lögreglu og Neyðarlínunni.

Virðingarfyllst,

Björn Geirsson

Björn Geirsson

Afrit sent lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Sigurjón Ingvason/Post- og Fjarskiptastofnun

25.09.2006 14:49

To Hrafnkell V. Gíslason/Post- og Fjarskiptastofnun@Post- og Fjarskiptastofnun

cc

bcc

Subject Fw: Viðbrögð lögreglu, 112 og símafyrirtækja vegna síhringjenda í 112

---- Forwarded by Sigurjón Ingvason/Post- og Fjarskiptastofnun on 25.09.2006 14:48 ----



dagny.halldorsdottir@112.is

25.09.2006 14:36

To sigurjon@pta.is

cc kristjan.hoffmann@112.is, g.fylkis.fml@rls.is, Margrét Rún Héðinsdóttir <margreth@ogvodafone.is>

Subject Viðbrögð lögreglu, 112 og símafyrirtækja vegna síhringjenda í 112

Sæll Sigurjón.

Lögreglan og Neyðarlínan hafa skilgreint viðbrögð og verkferli í samvinnu við Símann og Og Vodafone vegna síhringjenda í 112. Síminn hefur innleitt verklag samkvæmt því hjá sér en Og Vodafone hefur staldrað við og óskað eftir umsögn frá Póst- og fjarskiptastofnun. Í meðfylgjandi skjali koma verklagsreglurnar fram. Það væri mikilsvert að fá ykkar viðbrögð sem fyrst svo að bregðast megi við síhringjendum í 112 með öruggum og samræmdum hætti.

Með kveðju,
Dagný



verklagsreglur vegnasíhringjara.doc

Verklagsreglur, síhringingaraðilar.

Bæði 112 og eða FML eiga við síhringiaðila sem trufla bæði reglulega starfsemi og valda ónauðsynlegu álagi.

Síhringjendur eru samkvæmt skilgreiningu:
Þeir sem hringja oftar en fimm sinnum á sólarhring með ástæðulausar hringingar svo og aðilar sem eru með yfir eitthundrað hringingar, ástæðulausar, síðustu 12 mánuði. Ástæðulaus innhringing er hér með skilgreind sem innhringing sem ekki á erindi við lögreglu eða Neyðarlínu 112 og hefur þeirri skoðun verið komið skýrt fram við innhringjanda.

112

Þegar ónæði síhringiaðila beinist að 112 en ekki lögreglu skal varðstjóri 112 snúa sér til aðalvarðstjóra FML og saman skulu þeir undirrita beiðni til símafyrirtækis um lokun á síma viðkomandi, tímabundið í allt að 24 tíma, virka daga, og allt að 67 tíma ,tímabundið um helgar, Sérstakt eyðublað skal liggja fyrir, til útfyllingar þar sem fram kemur ástæða beiðni um lokun.
Afrit af slíkri beiðni skal komið til dómsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis, eða Póst og fjarskiptastofnun, fyrsta virkan dag eftir að hún kemur fram. Aðalvarðstjóri FML skal stofna mál í málaskrá lögreglu og gera lögregluskýrslu um málið.

FML/Lögregla

Þegar ónæði síhringiaðila beinist að lögreglu, hvar sem er á landinu, skal aðalvarðstjóri FML fá varðstjóra 112 til að staðfesta beiðni og saman skulu þeir undirrita til símafyrirtækis um lokun á síma viðkomandi, tímabundið í allt að 24 tíma, virka daga, og allt að 67 tíma, tímabundið um helgar, á þar til gert eyðublað þar sem fram kemur ástæða lokunar.
Afrit af slíkri beiðni skal komið til dómsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis, eða Póst og fjarskipstastofnun, fyrsta virkan dag eftir að hún kemur fram. Aðalvarðstjóri FML skal stofna mál í málaskrá lögreglu og gera lögregluskýrslu um málið.

Ákvörðun um kæru á viðkomandi innhringjanda skal liggja hjá aðstoðaryfirlögregluþjóni FML / og eða aðstoðarframkvæmdastjóra 112.

Grundvöllur kæru skal vera beiðnin um lokun á síma, útprentun á „Loggi" innhringinga hjá 112 og stofnun máls í málaskrá lögreglu.

Kæru vegna síhringiaðila skal beint til þess lögregluembættis þar sem viðkomandi er staddur, ef hægt er að staðsetja viðkomandi, annars til þess embættis þar sem viðkomandi er með lögheimili. Skráðum eiganda símanúmers skal send tilkynning um tímabundna lokun síma, strax fyrsta virka dag eftir slíka aðgerð.

Ofangreind vinnuregla skal kynnt fyrir símafyrirtækjum af embætti Ríkislögreglustjóra og framkvæmdastjóra Neyðarlínu 112.
Nauðsynlegar boðleiðir skulu liggja fyrir eftir þá kynningu.

Eftirfarandi lagaákvæði eru grundvöllur ofangreindrar verklagsreglu.

Lög um samræmda neyðarsímsvörun nr. 25-1995
9. gr. Þeir sem leita eftir aðstoð með tilkynningu til vaktstöðvar skulu, svo sem kostur er, gefa greinargóðar upplýsingar um atburð og það ástand sem er tilefni beiðni. Verði maður uppvís að því að senda vísvitandi ranga tilkynningu til vaktstöðvar samkvæmt lögum þessum **eða misnota að öðru leyti þjónustu vaktstöðvar við boðun hjálparliðs skal það varða refsingu skv. 120. gr.** og 120. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Almenn hegningarlög nr. 19-1940

120. gr. Ef maður gabbar lögreglumenn, brunalið, björgunarlið eða annað hjálparlið, með því að kalla eftir hjálp að ástæðulausu eða með misnotkun brunaboða eða annarra hættumerkja, þá varðar það sektum eða [fangelsi][1] allt að 3 mánuðum.
[1] *L. 82/1998, 42. gr.*
[120. gr. a. [Nú veitir maður vísvitandi rangar upplýsingar eða lætur uppi vísvitandi rangar tilkynningar, sem eru fallnar til að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð manna, um atriði sem varða loftferðaöryggi eða öryggi í flughöfn varðar það sektum ...[1] eða fangelsi allt að þremur árum. Sömu refsingu varðar að útbreiða þess háttar orðróm gegn betri vitund.][2]][3]

Skilmálar símafyrirtækja:

*Samkvæmt skilmálum **Símans**, nánar tiltekið gr. 1.7 í almennum skilmálum Símans er Símanum heimilt að synja þeim um fjarskiptaþjónustu og/eða notendabúnað eða útiloka frá fjarskiptum um stundarsakir eða að fullu, semeftir athugun reynist hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu fjarskiptaneta, eða ef búnaður þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum*

***Ogvodafone**: 6 gr. Ef í ljós kemur að notkun rétthafa felur í sér misnotkun á búnaði eða þjónustu Og fjarskipta hf. getur félagið neyðst til að synja rétthafa um fjarskiptaþjónustu um stundarsakir eða til frambúðar. Hið sama á jafnframt við ef rétthafi veldur, af ásettur ráði eða með vítaverðu gáleysi, skemmdum á fjarskiptaneti Og fjarskipta hf Hið sama á ennfremur við ef veittar eru rangar upplýsingar sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á gerð og gildi þjónustusamnings milli rétthafa og Og fjarskipta hf. Ef rétthafi á sök á synjun fjarskiptaþjónustu um stundarsakir verður rétthafi að greiða áfram mánaðargjald til Og fjarskipta hf Skylda þessi fellur niður ef annar hvor aðili segir þjónustusamningnum upp.*

Þegar biðja þarf um lokun á síma þá skal útfyllt þar til gert eyðublað og það sent í faxi eða tölvupósti á símafyrirtækið og skal einnig haft samband í síma símafyritækið og beiðnin kynnt.

Ogvodafone.
Fax. 599 9004
Þjónustuver 1414
Email: ogvodafone@ogvodafone.is.

Beiðni um lokun á síma um stundarsakir vegna truflunar á starfsemi Neyðarlínu og Fjarskiptamiðstöðvar lögreglu.

Dags:15. sept 2006 15:52:32

Þess er hér með óskað að lokað verði fyrir hringingar frá

símanúmerinu:663 6292 um stundarsakir vegna truflunar á starfsemi

Neyðarlínu og Fjarskiptamiðstöðvar lögreglu.

Truflun hefur staðið yfir frá 04.33 og hefur verið hringt alls 14 úr númerinu .

Skráður rétthafi að númerinu er: Óskráð frelsisnúmer.

Reynt hefur verið að gera viðkomandi grein fyrir því að símanúmerinu verði

lokað: Já, án árangurs, ekki hefur náðst samband við viðkomandi, aðeins söngur

Viðkomandi er:
Annað:

Undirritun:

_____
Aðalvarðstjóri FML

_____
Varðstjóri Neyðarlínu

Málsnúmer:006-2006-1296

Athugasemd símafyrirtækis:

_____
_____
_____
_____
_____

Borgarstjórinn í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/625
komudagur 3.12.2007

Reykjavík, 29. nóvember 2007
R07110098
175

Alþingi - Allsherjarnefnd
Selma Hafliðadóttir
Alþingi
101 REYKJAVÍK

Frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn slökkviliðsstjóra frá 28. þ.m. um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Gunnar Eydal
e.u.

16

Málsnr.: R0711 0098
Skjalasafn Ráðhúss
28 NOV. 2007
Bréfalykill: 175

28. nóvember 2007

Til borgarráðs

Undirritaður hefur að beiðni borgarlögmanns farið yfir frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál, heildarlög. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við frumvarpið:

Almennt

Í 8. gr. núgildandi laga er ákvæði um sérstaka samstarfsnefnd til eftirlits og ráðuneytis um framkvæmd laganna. Samráðsnefndin hefur ekki verið virk og er það miður, en í stað þess að leggja hana niður, ætti að stokka hana upp og fela henni áfram eftirlitshlutverk og fari að lágmarki árlega yfir markmið og árangur. Því er lagt til að núverandi lagatexti um samráðsnefnd haldi sér með ákveðnum breytingum.

„Ráðherra skipar samráðsnefnd sem skal vera til eftirlits og ráðuneytis um framkvæmd laga þessa og reglugerða setta á grundvelli laganna. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ráðuneytum og stofnunum sem sinna málum er lög þessi taka til, s.s. Ríkislögreglustjóra, Brunamálastofnun, og einnig landssamtökum Björgunarsveita og annarra aðila sem vinna verkefni á sviði laganna. Ráðherra ákveður nánar í reglugerð hvaða aðilar skuli tilnefna fulltrúa í nefndina og setur nánari reglugerð um starfsvið hennar."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að allir viðbragðsaðilar skuli hafa aðgang að öryggis- og fjarskiptakerfi samræmdrar neyðarsvörunar. Þótt tilgangur ákvæðisins sé góður og taka beri undir hann þá þarf að afmarka betur í hverju aðgangurinn skuli fólginn og hvernig greiða skuli fyrir þann aðgang. Þá er nauðsynlegt að rýna betur í kostnaðaraukningu sveitarfélaga vegna þess. Lagt er til að ríki og sveitarfélög sjái um aðgang viðbragðsaðila að kerfinu án þess að það endurspeglist í afnotagjöldum þeirra, en á þann hátt verður best tryggð öflug notkun viðbragðsaðila á kerfinu. Einnig er nauðsynlegt að dómsmálaráðherra setji gjaldskrá fyrir viðtækari þjónustu til viðbragðsaðila og einnig fyrir afnotagjöld að öryggis- og fjarskiptakerfi samræmdrar neyðarsvörunar, sjá nánar athugasemd við 9. gr.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er fjallað um skráningu og afrit af þeim. Hér vantar nauðsynlega að setja inn frekari ákvæði um skyldu til að skrá tímasetningar s.s. hvenær símtali er svarað, viðbragðsaðilar voru boðaðir, hvenær þeir staðfesta boðun og eru á staðnum. Þetta

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
Skógarhlíð 14 • 105 Reykjavík • Sími 528 3000 • Fax 528 3001
Netfang: shs@shs.is • Veffang: www.shs.is

verður að vera til staðar til að taka af allan vafa og tryggja gæði og eftirfylgni veittrar þjónustu.

- hvaðan er hringt
- hvenær er hringt
- hvenær er svarað (svartíma)
- hver hringir
- hvers vegna er hringt
- hvenær viðbragðsaðilar eru boðaðir (greiningartími)
- hvenær viðbragðsaðilar staðfesta boðun
- hvenær viðbragðaðili er á staðnum

Um 6. gr.

Í 6. gr. þarf að skilgreina skyldu vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar að veita viðbragðsaðilum allar þær upplýsingar sem eru skráðar um þá atburði sem eru á þeirra þjónustu- og/eða ábyrgðasvæði, þar á meðal skráðar upplýsingar skv. 5. grein. Upplýsingar skulu veittar á rafrænu formi og viðbragðsaðila að kostnaðarlausu. Einnig þarf að tryggja að vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar veiti ekki öðrum upplýsingar um einstaka atburði nema með samþykki og vitund hlutaðeigandi viðbragðsaðila.

Um 9. gr.

Lagt er til að við greinina bætist ný málsgrein, þar sem segir svo:

„Ráðherra setur, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, reglugerð þar sem nánar er mælt fyrir um gjaldskrá viðtækari þjónustu til viðbragðsaðila og einnig fyrir afnotagjöld að öryggis- og fjarskiptakerfi samræmdrar neyðarsvörunar."

Einnig er lagt til að í upptalningu um nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara komi fram hámarks svartími og greiningartími vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar. Svartíma er hægt að skilgreina frá því að þeir sem leita eftir aðstoð hringja þar til þeim er svarað. Greiningartími er sá tími sem líður frá því að vaktstöð hefur svarað þar til hún hefur boðað viðeigandi viðbragðsaðila. Slíkar skilgreiningar eru víða erlendis í lögum og/eða reglugerðum til að ákveða gæði þjónustu til almennings.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri.

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/792
komudagur 5.12.2007

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 4. desember 2007
Tilvísun: 2007110177
50.03

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn ríkislögreglustjóra um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, þskj. 205

Ríkislögreglustjórinn hefur haft til umsagnar að beiðni allsherjarnefndar Alþingis frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun. Umsögnin fer hér á eftir.

I.

Almennt um frumvarpið

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram að Neyðarlínan hf. hafi verið stofnuð árið 1995, um rekstur vaktstöðvar til að reka neyðarsímsvörun og hafi dómsmálráðuneytið gert samning við félagið í október 1995 um rekstur vaktstöðvar.

Í fylgiskjali með frumvarpinu er að finna umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið. Þar kemur m.a. fram að Neyðarlínan hafi verið rekin sem hlutafélag sem sé að mestu í eigu opinberra aðila og að eignarhlutur ríkisins sé nú liðlega 50%. Núverandi samningur gildi til ársins 2011 og geri frumvarpið ráð fyrir að hann haldi gildi sínu. Þá er vísað til þess að Neyðarlínan eigi hlut í fyrirtæki um fjarskiptakerfi öryggis- og björgunaraðila á landsvísu, svonefnt Tetra-kerfi.

Ríkislögreglustjóri telur mikilvægt, með hliðsjón af eðli starfseminnar, að forræði félagsins sé á hendi íslenska ríkisins.

II.

Athugasemdir við einstakar greinar

Ríkislögreglustjóri telur ekki skýrt hvað felist í 4. gr. frumvarpsins, þar sem segir;

„Öllum viðbragðsaðilum er skylt að tengjast vaktstöð samræmdar neyðarsvörunar...". Sé litið til greinargerðar, segir um 4. gr. að greinin þarfnist ekki skýringa og sé í samræmi við ákvæði 5. gr. núgildandi laga nr. 25/1995.

Í hinni tilvísuðu 5. grein segir:

„Þeim aðilum, opinberum og einkaaðilum, sem sinna neyðarþjónustu á Íslandi, skal skylt að gefa vaktstöð neyðarsímsvörunar hverju sinni upplýsingar um hverjir veiti viðtöku beiðnum um aðstoð af þeirra hálfu ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er, menntunar- og þjálfunarstig þeirra sem hana veita og tækjabúnað sem tiltækur er. Dómsmálaráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða til hvaða aðila framangreind skylda tekur og nánar um fyrirkomulag á upplýsingagjöfinni."

Í greinargerð með 5. gr. laga nr. 25/1995, kemur fram í athugasemdum að til að tryggja að vaktstöð geti komið tilkynningum um neyð og beiðnum um aðstoð til réttra aðila og lagt mat á það hvaða aðilar séu í stakk búnir til að veita aðstoð eða sinna málum í hverju tilviki, þurfi vaktstöðin hverju sinni að hafa nauðsynlegar upplýsingar um hverjir veiti viðtöku beiðnum um aðstoð ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er, menntunar og þjálfunarstig þeirra sem hana veita og tækjabúnað sem tiltækur er.

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra annast stjórnun á öllum útkallsökutækjum lögreglunnar í landinu. Fjarskiptamiðstöðin er beintengd Neyðarlínunni annars vegar og lögregluliðunum hins vegar. Fyrirkomulag þetta hefur reynst vel og ríkislögreglustjóri leggur áherslu á að ekki skapist vafi á hvernig skilja beri ákvæði greinarinnar og að skýrt sé að lagaákvæðinu sé ekki ætlað að breyta því skipulagi sem þegar er á tengingum innan lögreglu og leggur því til að 4. grein frumvarpsins sé skýrð nánar hvað þetta varðar í samræmi við umfjöllun í greinargerð. Þannig tengist öll lögreglan Neyðarlínunni um fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra en ekki einstök lögreglulið.

Haraldur Johannessen / Jónas Ingi Pétursson

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/571
komudagur 30.11.2007

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. nóvember 2007

0711367SA /GB
Tilv.: 130

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi dags. 15. nóvember sl. Í frumvarpinu er lagt til að lög um samræmda neyðasímsvörun verði löguð að breyttum aðstæðum og þróun sem orðið hefur frá setningu laga um samræmda neyðarsímsvörun, nr. 25/1995.

1. Kostnaðaráhrif sem leiða af frumvarpinu

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allir viðbragðsaðilar verði samtengdir í einu samræmdu viðbragðskerfi í gegnum vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar, sbr. 4. gr. Mun þar vera átt við Tetra fjarskipta- og staðsetningarkerfið. Í þessu felst verulegur kostnaður fyrir sveitarfélögin þar sem afnotagjöld af Tetra stöðvum eru mun hærri en af VHF talstöðvum. Sá kostnaður hefur þó ekki verið metinn á grundvelli samkomulags frá 30. desember 2005 um kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum.

Viðbragðsaðilar á vegum sveitarfélaga munu einnig þurfa að fjárfesta í nýjum talstöðvum sem eru mun dýrari en VHF-talstöðvar sem flest slökkvilið hafa notað. Samkvæmt lögum um virðisaukaskatt er heimilt að endurgreiða slökkviliðum VSK af búnaði sem þau kaupa. Árlegar fjárheimildir skv. fjárlögum til endurgreiðslu á búnaði slökkviliða hafa undanfarið verið of lágar og vantar verulega upp á að slökkviliðin fái endurgreiddan allan VSK vegna kaupa á búnaði. Er alger nauðsyn að leiðrétting fáist á þessum greiðslum af hálfu ríkisins.

Að áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga er nauðsynlegt að í frumvarpið verði bætt ákvæði um að gjaldskrá Neyðarlínunnar verði samræmd þannig að tryggt verði að einstök sveitarfélög greiði ekki hærri afnotagjöld fyrir hverja talstöð en aðrir viðbragðsaðilar og/eða sveitarfélög, sbr. athugasemd við 9. gr. frumvarpsins.

2. Athugasemdir við einstakar greinar

Um 8. gr.

Lagt er til að ákvæði um samstarfsnefnd, sbr. 2. mgr. 8. gr. gildandi laga verði áfram í lögum, þó með ákveðnum breytingum. Ákvæðið gæti t.d. hljóðað svo:

> Ráðherra skipar samráðsnefnd sem skal vera til eftirlits og ráðuneytis um framkvæmd laga þessa og reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ráðuneytum og stofnunum sem sinna málum er

Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, sími 515 4900, fax 515 4903, samband@samband.is, www.samband.is

lög þessi taka til, s.s. Ríkislögreglustjóra, Byggingarstofnun, og einnig landssamtökum björgunarsveita og annarra aðila sem vinna verkefni á sviði laganna. Ráðherra ákveður nánar í reglugerð hvaða aðilar skuli tilnefna fulltrúa í nefndina og setur nánari reglugerð um starfsvið hennar.

Um 9. gr.

Lagt er til að við lokamálslið 9. gr. bætist: og kveða á um gjaldskrá víðtækari þjónustu til viðbragðsaðila og fyrir afnotagjöld að öryggis- og fjarskiptakerfi samræmdrar neyðarsvörunar.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/609
komudagur 30.11.2007

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

27.11.2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samræmda neyðarsímsvörun, þingmál 191.

Til umfjöllunar í allsherjarnefnd er nú frumvarp til laga um samræmda neyðarsímsvörun, þskj. 205, mál nr. 191. Frumvarp þetta var ekki sent SA til umsagnar en fjarskiptafyrirtæki sem aðild eiga að SA hafa fengið frumvarpið til umsagnar frá nefndinni.

Við lestur frumvarpsins kemur í ljós að ætlunin er að breyta gildandi lagareglum um fjármögnun samræmdar neyðarsímsvörunar. Samkvæmt gildandi lögum 25/1995 bera ríkissjóður og sveitarfélög til helminga kostnað við uppbyggingu og rekstur. Með yfirlýsingu fjármála- og félagsmálaráðherra árið 1996 tók ríkissjóður hins vegar að sér að fjármagna hlut sveitarfélaga án þess að núgildandi lögum hafi þá verið breytt.

Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins er ætlunin að: „Kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar, að því marki sem hann er ekki greiddur af tekjum fyrir þá þjónustu sem vaktstöðin veitir, greiðist úr ríkissjóði, m.a. með hluta af jöfnunargjaldi sem innheimt er á grundvelli fjarskiptalaga"

Þessi lagatexti er skýrður svo í athugasemdum með 8 .gr. frumvarpsins: „3. mgr. greinarinnar er að mestu samhljóða 4. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að hlutdeild sveitarfélaga í kostnaði hefur verið felld niður. Lagt er til að viðbótarfjármögnun fáist með svokölluðu jöfnunargjaldi sem skilgreint er í fjarskiptalögum".

Þannig virðist ætlunin skv. athugasemdum frumvarpsins að „viðbótarfjármögnun" neyðarsímsvörunar þe. umfram tekjur af seldri þjónustu verði nú tekin af jöfnunargjaldi, úr jöfnunarsjóði alþjónustu sem er í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Jöfnunarsjóður alþjónustu er fjármagnaður með því að innheimta 0,12% gjald af veltu fjarskiptafyrirtækja. Tilgangur jöfnunargjaldsins sem er lögfest í fjarskiptalögum er að fjármagna alþjónustu. Alþjónusta er skilgreind í 6. tl. 3. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 sem:

„Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra". Rekstur vaktstöðvar fyrir samræmda neyðarsvörun getur því ekki telst til alþjónustu.

Aðsetur: Borgartún 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 00 00
Bréfsími: 591 00 50
Netfang: sa@sa.is
Veffang: www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samtök atvinnulífsins leggja því til að seinni hluti 3. mgr . 8. gr. frumvarpsins falli brott, þe. sá texti 3. mgr. 8. gr. þar sem mælt er fyrir um að fjármagna megi neyðarsímsvörun:

„M.a. með hluta af jöfnunargjaldi sem innheimt er á grundvelli fjarskiptalaga" .

Virðingarfyllst,

Jón R. Pálsson

Jón R. Pálsson

Aðsetur:	Sími:	Bréfsími:	Netfang:	Veffang:
Borgartún 35 105 Reykjavík	591 00 00	591 00 50	sa@sa.is	www.sa.is

SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/623
komudagur 3.12.2007

Alþingi
Allsherjarnefnd
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 28.11.2007
Tilv. 023
HJ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samræmda neyðarsímsvörun , 191. mál.

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 15. nóvember 2007, þar sem sent er til umsagnar stofnunarinnar frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál.

Siglingastofnun gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f. h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri

Síminn

Dagsetning
Reykjavík, 29. nóvember 2007

Tilvísun
2007110158/001

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/570
komudagur 30.11.2007

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Athugasemdir Símans hf. við frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, þskj. 205 – 191. mál.

1.0. Tilvísun
Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 15. október 2007, þar sem Símanum hf. er gefin kostur á því að gera athugasemdir við frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, hér eftir nefnt frumvarpið.

2.0. Athugasemdir Símans hf.
2.1. Athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins – jöfnunarsjóður fyrir alþjónustu
Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um rekstur vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar. Í 3. mgr. 8. gr. kemur fram að kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar skuli, að því marki sem hann er ekki greiddur af tekjum fyrir þá þjónustu sem vaktstöðin veitir, greiðast úr ríkissjóði, m.a. með hluta af jöfnunargjaldi sem innheimt er á grundvelli fjarskiptalaga.

Tilgangur jöfnunargjalds sem lögfest er í fjarskiptalögum er að fjármagna alþjónustu. Alþjónusta er skilgreind í 6. tl. 3. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 sem: *„Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra".* Rekstur vaktstöðvar fyrir samræmda neyðarsvörun telst ekki til alþjónustu.

Fjallað er um alþjónustu og fjármögnun alþjónustuskyldna í VI. kafla tilvitnaðra fjarskiptalaga og II. kafla tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (alþjónustutilskipun). Tilskipunin hefur verið innleidd í landsrétt í samræmi við skuldbindingar Íslands sem leiða af samningnum um evrópska efnahagssvæðið.

Í 1. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga segir: *„Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur í jöfnunarsjóð í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar."* Ákvæðið er innleitt með hliðsjón af tilvitnaðri alþjónustutilskipun sem kveður á um að einungis megi nota það fé sem fæst til að fjármagna alþjónustuskyldur útnefnds fjarskiptafyrirtækis til að bæta því það tjón sem útnefnt fyrirtæki verður fyrir ef skylda til að veita alþjónustu telst óeðlilega þung byrði á útnefndu fyrirtæki, sbr. m.a. 13. gr. alþjónustutilskipunarinnar. Áform um að nota jöfnunsjóð til að fjármagna samræmda neyðarsvörun stangast því á við það regluverk sem gildir um alþjónustu og fjármögnun hennar.

Verði frumvarpið að lögum óbreytt mun því verða lögfest að jöfnunarsjóður sem er komið sérstaklega á fót til að fjármagna nánar skilgreindar alþjónustuskyldur verður notaður til að fjármagna þjónustu sem ekki telst til alþjónustu. Slíkt lagaákvæði fer því gegn ákvæðum VI. kafla fjarskiptalaga um alþjónustu auk þess sem lagasetningin færi gegn EES-samningnum af sömu ástæðu. Er því lagt til að

Síminn • Ármúla 25 • 150 Reykjavík • Sími: 550 6000 • Fax: 550 6009 • siminn@siminn.is **siminn.is**

orðin *„m.a. með hluta af jöfnunargjaldi sem innheimt er á grundvelli fjarskiptalaga"* verði felld út úr frumvarpstextanum.

Í greinargerð með 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins segir jafnframt að hlutdeild sveitarfélaga í kostnaði hafi verið felld niður. Síminn gerir athugasemd við það og mótmælir því að sú byrði verði lögð á fjarskiptafyrirtæki með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu.

2.2. Samkeppnisstarfsemi verði ekki niðurgreidd með verndaðri starfsemi
Neyðarlínan hf., sem rekur vaktstöð fyrir samræmda neyðarsvörun, hefur nýverið hafið þátttöku í samkeppni á farsímamarkaði með því að bjóða Tetraþjónustu á almennum markaði. Sú starfsemi er í beinni samkeppni við langdræg farsímakerfi Símans svo sem NMT og önnur kerfi sem munu taka við af því. Auk þess sem framboð á Tetraþjónustu hefur einnig áhrif á markaðinn fyrir skammdræga farsímaþjónustu. Til að eyða allri tortryggni um það að fé sem er ætlað til verndaðrar starfsemi sé notað í starfsemi á almennum samkeppnismarkaði leggur Síminn hf. til að nýju ákvæði verði bætt við sem 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Ákvæðið gæti verið svohljóðandi:


„Rekstraraðila vakstöðvar fyrir samræmda neyðarsvörun er óheimilt að stunda almenna samkeppnisstarfsemi nema rekstur þeirrar starfsemi fari fram í sérstöku félagi."

3.0. Niðurlag
Telji allherjarnefnd Alþingis þörf á er Síminn hf. reiðubúinn skýra og rökstyðja þau atriði frekar sem að framan eru rakin, hvort sem slíkt ætti sér stað með skriflegum hætti eða á fundi nefndarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Símans hf.,

Hallmundur Albertsson, hdl.

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/534
komudagur 29. 11. 2007



Reykjavík 29. nóvember 2007

Nefndarsvið Alþingis
V/umsagnar um samræmda neyðarsvörun
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar um samræmda neyarsvörun, þingskjal 205-191.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur engar athugasemdir um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun.

Með kveðju

Kristinn Ólafsson
framkvæmdastjóri
Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/608
komudagur 30.11.2007

28. nóvember 2007

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Undirritaður hefur að ósk yðar skoðað frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál, heildarlög. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við frumvarpið:

Almennt

Í 8. gr. núgildandi laga er ákvæði um sérstaka samstarfsnefnd til eftirlits og ráðuneytis um framkvæmd laganna. Samráðsnefndin hefur ekki verið virk og er það miður, en í stað þess að leggja hana niður, ætti að stokka hana upp og fela henni áfram eftirlitshlutverk og fari að lágmarki árlega yfir markmið og árangur. Því er lagt til að núverandi lagatexti um samráðsnefnd haldi sér með ákveðnum breytingum.

„Ráðherra skipar samráðsnefnd sem skal vera til eftirlits og ráðuneytis um framkvæmd laga þessa og reglugerða setta á grundvelli laganna. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ráðuneytum og stofnunum sem sinna málum er lög þessi taka til, s.s. Ríkislögreglustjóra, Brunamálastofnun, og einnig landssamtökum Björgunarsveita og annarra aðila sem vinna verkefni á sviði laganna. Ráðherra ákveður nánar í reglugerð hvaða aðilar skuli tilnefna fulltrúa í nefndina og setur nánari reglugerð um starfsvið hennar."

Eftirfarandi athugasemdir eru gerða við einstakar greinar frumvarpsins

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að allir viðbragðsaðilar skuli hafa aðgang að öryggis- og fjarskiptakerfi samræmdrar neyðarsvörunar. Þótt tilgangur ákvæðisins sé góður og taka beri undir hann þá þarf að afmarka betur í hverju aðgangurinn skuli fólginn og hvernig greiða skuli fyrir þann aðgang. Þá er nauðsynlegt að rýna betur í kostnaðaraukningu sveitarfélaga vegna þess. Lagt er til að ríki og sveitarfélög sjái um aðgang viðbragðsaðila að kerfinu án þess að það endurspeglist í afnotagjöldum þeirra, en á þann hátt verður best tryggð öflug notkun viðbragðsaðila á kerfinu. Einnig er nauðsynlegt að dómsmálaráðherra setji gjaldskrá fyrir viðtækari þjónustu til viðbragðsaðila og einnig fyrir afnotagjöld að öryggis- og fjarskiptakerfi samræmdrar neyðarsvörunar, sjá nánar athugasemd við 9. gr.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er fjallað um skráningu og afrit af þeim. Hér vantar nauðsynlega að setja inn frekari ákvæði um skyldu til að skrá tímasetningar s.s. hvenær símtali er svarað, viðbragðsaðilar voru boðaðir, hvenær þeir staðfesta boðun og eru á staðnum. Þetta

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
Skógarhlíð 14 • 105 Reykjavík • Sími 528 3000 • Fax 528 3001
Netfang: shs@shs.is • Veffang: www.shs.is

verður að vera til staðar til að taka af allan vafa og tryggja gæði og eftirfylgni veittrar þjónustu.

- hvaðan er hringt
- hvenær er hringt
- hvenær er svarað (svartíma)
- hver hringir
- hvers vegna er hringt
- hvenær viðbragðsaðilar eru boðaðir (greiningartími)
- hvenær viðbragðsaðilar staðfesta boðun
- hvenær viðbragðaðili er á staðnum

Um 6. gr.

Í 6. gr. þarf að skilgreina skyldu vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar að veita viðbragðsaðilum allar þær upplýsingar sem eru skráðar um þá atburði sem eru á þeirra þjónustu- og/eða ábyrgðasvæði, þar á meðal skráðar upplýsingar skv. 5. grein. Upplýsingar skulu veittar á rafrænu formi og viðbragðsaðila að kostnaðarlausu. Einnig þarf að tryggja að vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar veiti ekki öðrum upplýsingar um einstaka atburði nema með samþykki og vitund hlutaðeigandi viðbragðsaðila.

Um 9. gr.

Lagt er til að við greinina bætist ný málsgrein, þar sem segir svo:

„Ráðherra setur, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, reglugerð þar sem nánar er mælt fyrir um gjaldskrá viðtækari þjónustu til viðbragðsaðila og einnig fyrir afnotagjöld að öryggis- og fjarskiptakerfi samræmdrar neyðarsvörunar."

Einnig er lagt til að í upptalningu um nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara komi fram hámarks svartími og greiningartími vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar. Svartíma er hægt að skilgreina frá því að þeir sem leita eftir aðstoð hringja þar til þeim er svarað. Greiningartími er sá tími sem líður frá því að vaktstöð hefur svarað þar til hún hefur boðað viðeigandi viðbragðsaðila. Slíkar skilgreiningar á tímaramma eru víða erlendis í lögum og/eða reglugerðum til að ákveða gæði þjónustu til almennings.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri.

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/568
komudagur 30.11.2007

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

29 nóvember 2007

Efni: Frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál, heildarlög.

Undirrituðum barst frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun til umsagnar.
Undirritaður gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Ólafur Ásmundsson
Slökkviliðsstjóri Keflavíkurflugvallar.

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/569
komudagur 30.11.2007

UST
Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland
(+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Allsherjarnefnd
Selma Hafliðadóttir,
nefndarritari
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2007
Tilvísun: UST20071100103/hj

Frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál, heildarlög

Umhverfisstofnun hefur borist beiðni yðar um umsögn um frumvap til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál, heildarlög. Í frumvarpinu er lagt til að lögin verði felld að þegar gerðum breytingum og ennfremur er fjallað um atriði sem tengjast tekjuöflun.

Umhverfistofnun telur það mjög jákvætt að samræma neyðarsvörun í þeim tilgangi að hafa slíka þjónustu skilvirka og örugga.
Það er skilningur stofnunarinnar að þessi neyðarsvörun nái m.a. til mengunaróhappa og annars sem getur ógnað umhverfinu á landi þar sem slökkvilið er viðbragðsaðili, í samræmi við lög nr. 75/2000 um brunavarnir. Jafnframt að framangreint frumvarp breyti ekki því að tilkynningar um bráðamengun og óhöpp á sjó fari áfram í gegnum vaktstöð siglinga en þar Umhvefisstofnun skilgreindur sem viðbragðsaðili samkvæmt lögum nr. 33/2004 um verndun hafs og stranda. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við frumvarpið

Virðingarfyllst

Helgi Jensson
Forstöðumaður

Kristín Linda Árnadóttir
Lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/567
komudagur 30.11.2007

VEÐURSTOFA ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis — allsherjarnefnd
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Dags. 29. nóvember 2007
Tilv. 012/7760/MJ/KG

Efni: Umsögn Veðurstofun Íslands um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrrnefnt frumvarp.

Virðingarfyllst

Magnús Jónsson
veðurstofustjóri

BÚSTAÐAVEGUR 9, 150 REYKJAVÍK
SÍMI 522 6000 – FAX 522 6001
NETFANG office@vedur.is

[redacted]

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/606
komudagur 30.11.2007

Nefndarsvið Alþingis
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. nóvember 2007
Tilvísun: 2007110027/90.12
SE/BH
15.11.2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál. heildarlög.

Með bréfi dags. 15. nóvember 2007 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar varðandi ofangreint frumvarp.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið

Virðingarfyllst,

Gunnar Gunnarsson, aðstoðarvegamálastjóri.

Vegagerðin / Icelandic Road Admin. • Borgartúni 7 • IS-105 Reykjavík • Sími / Tel. (+354) 522 1000 • Fax (+354) 522 1009
• Heimasíða / Web: http://www.vegagerdin.is • Netfang / e-mail: vegagerdin@vegagerdin.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/605
komudagur 30.11.2007

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 29. nóvember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um samræmda neyðarsímsvörun
Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að núgildandi lög um samræmda neyðarsímsvörun verði felld að þegar gerðum breytingum og nýjum aðstæðum.

Í 3. mgr. 8. gr. frumvarps þessa er lagt til að viðbótarfjármögnun til rekstur vaktstöðva samræmdrar neyðarsímsvörunar fáist með svokölluðu jöfnunargjaldi sem er innheimt á grundvelli fjarskiptalaga nr. 81/2003. Samkvæmt athugasemdum greinargerðar fjarskiptalaga við 1. mgr. 22. gr. laganna er jöfnunargjaldinu ætlað að standa straum af kostnaði við fjármögnun alþjónustu, en alþjónusta er skilgreind í 6. tl. 3. gr. laganna sem „Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra." Að mati Viðskiptaráðs fellur rekstur vakstöðva fyrir samræmda neyðarsímvörun ekki undir framangreinda skilgreiningu fjarskiptalaga og því óheimilt að ráðstafa jöfnunargjaldinu til fjármögnunar slíkra vaktstöðva.

Leggur ráðið því til að sá hluti 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins er segir, „m.a. með hluta af jöfnunargjaldi sem innheimt er á grundvelli fjarskiptalaga", verði felldur út úr frumvarpinu.

Enn fremur vill Viðskiptaráð vekja athygli nefndarinnar á því að Neyðarlínan hf. hefur nýverið hafið samkeppnisrekstur við einkaaðila á farsímamarkaði. Þannig býður Neyðarlínan hf. uppá Tetraþjónustu á almennum markaði sem er í beinni samkeppni við langdræg farsímakerfi einkaaðila, en slík þjónusta hefur einnig áhrif á markaðinn fyrir skammdræga farsímaþjónustu. Viðskiptaráð hefur ávallt hvatt hið opinbera til að draga sig alfarið úr samkeppnirekstri við einkaaðila og er Neyðarlínan engin undantekning hvað það varðar. Fyrirkomulag af þessu tagi er til þess fallið að skekkja samkeppnisstöðu einkaaðila á umræddum markaði. Sé ekki vilji til að draga Neyðarlínuna úr framangreindum rekstri er nauðsynlegt að opinbert fjármagn sé ekki nýtt í þann rekstur. Til að svo verði ekki telur ráðið mikilvægt að kveðið sé á um það í frumvarpi þessu að allri fjármögnun á grundvelli þess verði einungis varið til rekstur umræddra vakstöðva en ekki nýttur í framangreindan samkeppnisrekstur.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs